

Valgerður Sverrisdóttir segist ekki þekkja til þess að varapíngmenn séu kallaðir á þing nema nauðsyn beri til:

Dæmalaus della hjá Guðnýju

T-18.11.1925

„Mér finnst þetta alveg dæmalaus della hjá Guðnýju Guðbjörnsdóttur. Hún er að gefa í skyn að aðrir flokkar en hennar eigin séu að gera sér það að leik að taka inn þingmenn og láta þjóðina borga, án þess að hafa nokkra ástæðu til,” sagði Valgerður Sverrisdóttir alþingismaður í samtali við Timann í gær.

Valgerður sagði að ekki væri hægt að taka inn varamann nema viðkomandi þingmaður væri í opinberum erindagjörðum erlendis, eða veikur, eða í fæðingarorlofi. Nýbúið væri að setja nákvæmar reglur um þessi atriði. Grundvallaratriðin séu að þau að þingmönnum sé skyld að mæta á þingfund, nema nauðsyn banni, eins og segi í þingskaparlögum.

„Það er svosem möguleiki að fara út af þingi kauplaust og kalla inn varapíngmann. En það er eiginlega undantekningin, enda er það ekki gert nema viðkomandi þingmaður standi sjálfur straum af kostnaðinum, það er þingfararlaununum. En auðvitað kemur alltaf einhver kostnaður við að kalla til varamann, sem þingið greiðir,” sagði Valgerður.

Valgerður sagði það mistök í lagasetningu að varapíngmenn

sem koma kannski inn á þing í hálfan mánuð, næðu strax lifeyrisréttindum þingmanna að hluta.

„Þetta hefur örugglega aldrei verið vilji löggjafans. Að menn fái slík réttindi strax fyrir stutta setu á þingi fær ekki staðist og hlýtur að verða leiðrétt. Þessu mælir enginn bót,” sagði Valgerður Sverrisdóttir í gær.

-JBP